



Mynd: Dagskráin/HGL

Nesdekk opnar á Selfossi

Nesdekk Selfoss opnaði formlega þann 17. apríl síðastliðinn, að Austurvegi 54 á Selfossi.

Einar Ásgeir Hoffmann er eigandi Nesfoss ehf. og rekur Nesdekk Selfoss undir Nesdekk nafninu. Hjá fyrirtækinu starfa fimm manns allt árið og um átta starfsmenn í tórnum, sem eru allir íbúar á svæðinu.

Nesdekk Selfoss býður fólki að bóka sér tíma og mæta á svæðið á meðan þjónustan er veitt, en meðal biðtími er 15-30 mínútur. Nesdekk Selfoss statar sig af stærsta lager af nýjum dekkjum á Selfossi og möguleikann á sérpöntun samdægurs, séu réttu dekkirn ekki til á staðnum. Þjóða þau að auki upp á dekkjahótel sem viðskiptavinir geti nýtt til að spara sér geymsluplássið.

Hægt er að skoða alla lausa tíma og bóka á mjög einfaldan hátt á Nesdekk.is, einnig er hægt að fletta upp dekkjastærðum og skoða verð á dekkjum

„Við reynum að hafa snyrtimensku og fagmensku í fyrir-

rúmmi og bjóðum uppá stóra og góða biðstofu með öryggisglugga yfir á verkstæðið svo hægt sé að fylgjast með skiptunum í öruggri fjarlægð,“ segir Einar Þór Valdimarsson, einn af eigendum Nesdekk. HGL



Mynd: Nesdekk.

Daði Freyr kemur fram á úrslitakvöldi Eurovision

Rangæingurinn Daði Freyr Pétursson sem, að mati margra, sigraði í Söngkeppni Evrópskra sjónvarpsstöðva sem aldrei var þó haldin árið 2020, með laginu *Think about things*, og lenti í fjórða sæti árið 2021 með laginu *10 years*, fær loksins að stíga á svið á úrslitakvöldi Eurovision. Daði og Gagnamagnið fengu aldrei að stíga á svið á úrslitakvöldinu vegna kórónuveirusmits innan bandsins og verður því kærkomið fyrir áhorfendur að fá að sjá þennan hæfileikaríka tónlistarmann okkar Sunnlendinga koma fram í eigin persónu á úrslitakvöldinu.

„Ég vona að þetta náist núna í fjórðu tilraun,“ grínast Daði í samtali við Dagskrána. „Ég hugsa að ég þurfi bara að sleppa því að keppa og þá á ég eftir að komast á svið í beinni.

Daði Freyr verður hluti af



Daði Freyr Pétursson. Mynd: Stef Schmid Rincon.

síðasta skemmtiatriði úrslitakvöldsins þar sem hann og aðrir tónlistarmenn flytja atriðið *The Liverpool Songbook*, en að eigin sögn þá mun Daði taka eitt vel hresst lag frá Bítlaborginni. Í atriðinu verður tónlistarsaga Liverpool heiðruð. HGL

Þórsarar komnir í undanúrslit

Síðastliðinn mánudag strýggði Þór Þorlákshöfn sér sæti í undanúrslitum um Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta þegar liðið vann Hauka 93-95 í æsisþennandi oddaleik.

Haukar byrjuðu leikinn betur og höfðu yfirhöndina í fyrstu tveimur leikhlutunum. Þórsarar komu sterkir inn eftir hálfleik og skiptust liðin á að leiða allt þar til í lokin þegar Þórsarar tóku fram úr með frábærum lokakafla. Sigur var í höfn eftir spennandi lokamínútur.



Mynd: Bára Dröfn Kristinsdóttir.

Þór mætir Íslandsmeisturum Vals í undanúrslitunum og verður fyrsti leikur liðanna föstudaginn 21. apríl kl. 19:15 á Hlíðarenda. BRV

Fáðu
fagmann
í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



TILBOÐSDAGAR

Í TÍLEFNI KOMU SUMARS BJÓÐUM VIÐ
20% AFSLÁTT AF ÖLLUM VÖRUM TIL 30. APRÍL

GLÆSILEGT ÚRVAL
SUMARFATNAÐUR - VESKI - SLÆÐUR - SKARTGRIPIR

Afsláttarkóði á tiskuverslun.is
SUMAR20

LINDIN

TÍSKUVERSLUN
Eyrvægi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

OPÍÐ SUMARDAGINN FYRSTA KL. 11-15



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Aðalfundur Skógræktarfélag Selfoss

verður miðvikudaginn 26. apríl 2023 kl 20:00 í sal Golfklúbbs Selfoss á Svarfhólsvelli.

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf.
- Fyrirlestur. Úlfur Óskarsson hjá Skógræktinni. Kolefnisbinding með skógrækt.

Allir eru velkomnir





AÐALSKOÐUN

Er kominn tími á skoðun?



Eyrvægur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996

Barn veiktist eftir að hafa innbyrt ólögleg fíkniefni í formi sælgætis

Lögreglan á Suðurlandi rannsakar nú mál sem upp kom í aprílmánuði þar sem barn hafði, í gáleysi, innbyrt sælgæti sem innihélt ólögleg fíkniefni. Í tilkynningu frá lögreglunni á Suðurlandi segir að barnið hafi verið flutt á heilbrigðisstofnun og að ekki sé annað vitað en að það muni ná sér að fullu. „Svona mál koma því miður upp annað slagið hér á landi og eru þau litin mjög alvarlegum augum. Einhverra hluta vegna er efnun komið fyrir í hlaup „fígúrum“ dulbúið sem sælgæti sem oftast er markaðsett fyrir börn. Rannsókn málsins beinist m.a. að því að kanna hvort um einangrað tilvik á svæðinu sé að ræða en það skal tekið fram að frekari upplýsingar um hana verða



Lögreglustöðin á Selfossi. Mynd: Dagskráin

ekki gefna á þessu stigi málsins. Lögreglan hvetur fólk til að vera á varðbergi gagnvart slíkum ófögnum og ef að fólk hefur upplýsingar þessu tengt að hafa

samband við lögreglu. Vakin er athygli á því að slíkar upplýsingar eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál,“ segir ennfremur í tilkynningu frá lögreglu.

Jákvæðar fréttir fyrir samfélagið í Árborg

Undanfarna mánuði hafa Selfossveitur í samvinnu við ISOR og Ræktunarambandið, unnið ötulega að rannsóknunum og borunum til að afla meiri orku fyrir samfélagið. Nýjasta holan SE-40 sem er staðsett norðanmeginn við bakka Ölfusár var borið veturinn 2022/2023 og vakti mikla athygli meðal annars á samfélagmiðlum Eins og fram kom í fréttatilkynningu frá Selfossveitum fyrir í vetur þá gaf sú hola góðar vísbendingar um heitt vatn í vinnanlegu magni. Á síðustu vikum hefur holan verið rýmkuð og dýpkuð til að undirbúa hana

fyrir virkjun og framkvæma á henni afkastaprófanir. Lokadýpi holunnar er 903 metrar. Niðurstöður prófana gefa til kynna að hola afkasti um 30 l/s af 85°C heitu vatni Þetta eru mjög jákvæðar fréttir fyrir samfélagið í heild sinni en næstu skref eru að meta hvort blanda megi þessu vatni saman við núverandi veitukerfi og með hvaða hætti hægt sé að flytja vatnið yfir Ölfusá. Framundan eru því miklar framkvæmdir og kannanir varðandi virkjun holunnar en ef allt gengur að óskum má búast við að nýta megi vatnið vorið 2024.



Samtal við forsætisráðherra um sjálfbært Ísland

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra býður til opinna samráðsfunda um landið um sjálfbæra þróun á Íslandi. Fundirnir á Suðurlandi verða haldnir á Selfossi í Hótel Selfossi þann 25. apríl nk. kl. 16:00 og á Höfn í Hornafirði í Vöruhúsinu þann 26. apríl nk. kl. 10:00. Skráning á fundinn fer fram á sjalfbaertisland.is.

Svo allt gangi smurt

**20%
afsláttur**
af völdum
vörum*



Mobil Delvac MX ESP 15W-40 20L

Minerölisk olía fyrir vélar í flutningabílum og vinnuvélum með sótkornasíu (DPF) og hreinsunarbúnað í útblásturskerfi.

Vnr. 3020 150775



Mobil Delvac XHP ESP 10W-40 20L

Syntetísk olía fyrir Euro IV, V og VI dieselvélar með sótkornasíu og útblásturshreinsibúnað í flutningabílum.

Vnr. 3020 152994



N1 HD Universal Grease EP2 0,42ml

Alhliða smurfeiti með góðu hita- vatns- og titringsþoli ásamt öflugum háþrýstibæti-efnum.

Vnr. 0094 0670004



Univis N 32 ISO 32 20L

Alhliða vökvakerfisólía með háum seigjustuðli (VI).

Vnr. 3020 4889820



Mobilfluid 428 10W-30 UTTO 20L

Mobilfluid 428 er drif- og vökvakerfisólía fyrir traktora og vinnuvélar, hágæða fjölnota smurefni sem er hannað til að uppfylla hæstu kröfur framleiðanda, hámarkar afköst.

Vnr. 3020 155629



Q8 T 1000 10W-30 STOU 20L

Olía sem er notuð á mótora vökvakerfi og drifbúnað traktora.

Vnr. 7503 101272301451

Verslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • Blönduós s. 440 1339 • Húsavík s. 440 1448
Höfn s. 478 1940 • Ísafjörður s. 456 3574 • Klettagarðar s. 440 1330
Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245 • Reyðarfjörður s. 474 1293
Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127

440 1000 n1.is

* Gildir 15. apríl - 27. maí

N1 ALLA LEIÐ

Hjartans mál Tónleikar og fjölskyldusýning!



Menningarsal Hellu

30. apríl kl. 15:30

Midgard Hvolsvelli

1. maí kl. 17:00

Sýningin er fyrir allan aldur.
Frítt fyrir leikskólabörn og 90 ára+

Miðasala er hafin á tix.is/hjartansmal

Tryggið ykkur miða sem allra fyrst!

Heimfrumflutningur á efni nýrrar plötu, Hjartans mál
- eftir Hófi Samúels sem kemur út í lok maí!

Myrkvaður salur, norðurljós og rafmagnskerti. Mottur, teppi, púðar og pullur koma í stað stóla (nokkrir til fyrir þá sem þurfa). Náttfataklæddir flytjendur flytja glænýja tónlist og gestir mega mæta í kósýgalla með teppi, púða eða bangsa meðferðis. Sýningin er fyrir allan aldur.

Frábær og öðruvísi fjölskylduskemmtun þar sem tónlist, tengsl og hvíld leika lykilhlutverk!

Flytjendur eru: Hólmfríður Samúelsdóttir, Arnar Jónsson, Glódís Margrét Guðmundsdóttir, Óskar Þormarsson, Unnur Birna Björnsdóttir, Sigurgeir Skafti Flosason, Greta Mjöll Samúelsdóttir, Raket Pálsdóttir, Ásta Björg Björgvinsdóttir og nokkur börn.



Hreinsunardagur í Selfosskirkjugarði

Sóknarnefnd Selfosskirkju hefur verið ánægjulegt að sjá hvað margir hafa komið og lagt þessu verkefni lið, tekið þátt í að laga til í kirkjugarðinum og við leiði sinna nánustu. Hvetjum fólki til að mæta og nýta tækifærið. Gámur verður á staðnum.


Sóknarnefnd Selfosskirkju hefur verið ánægjulegt að sjá hvað margir hafa komið og lagt þessu verkefni lið, tekið þátt í að laga til í kirkjugarðinum og við leiði sinna nánustu. Hvetjum fólki til að mæta og nýta tækifærið. Gámur verður á staðnum.

Að búa í dreifbýli eru forréttindi

Satt best að segja gat ég ekki beðið eftir að flytja úr sveitinni eftir að hafa alist þar upp til 17 ára aldurs en eftir að hafa skoðað heiminn er ég nú komin aftur í sveitina og vil hvergi annarsstaðar vera. Eg get því með sanni sagt að ég skilji vel alla þá sem vilja búa, dvelja, hafa búsetu og bara yfirhöfuð langar að vera í sveitinni þar sem hvergi er betra að vera.

Hvert sveitarfélag byggist upp á samfélagi þar sem fólk hefur samskipti við hvert annað og er m.a. í skipulögðum félagskap, en án þessara íbúa væri sveitarfélagið ekki til. Eftir að ég flutti aftur heim og byggði hús í sveitinni þá fór mig að langa að taka þátt í að byggja upp samfélagið í mínu sveitarfélagi og úr varð að ég bauð fram krafta mína á sveitarstjórnarstiginu. Fyrst sem varamaður í sveitarstjórn og svo sem oddviti og hef sinnt því hlutverki síðustu 5 ár. Fulltrúar í sveitarstjórn taka þátt í ákvarðanatöku um helstu mál sem varða sveitarfélagið þeirra og það er skylda sveitarstjórnarmanns að leitast við að taka afstöðu út frá mati á heildarhagsmunum samfélagsins.

Eitt af stærstu málefnum hvers sveitarfélags eru skipulagsmálin en sveitarstjórnir fara með ákveðið skipulagsvald sem er einn af hornsteinum sjálfsstjórnarréttar sveitarfélaga. Unnar eru skipulagsáætlanir fyrir hvert sveitarfélag og þar hafa sveitarstjórnir ákveðna landnotkunarflokka sem þær vinna með til ákvörðunar m.a. um búsetu og búsetufyrirkomulag og stýra þannig íbúa- og byggðarþróun í sínum skipulagsáætlunum. Skipulagsvaldinu fylgir mikil ábyrgð og fylgja sveitarstjórnir eðlilega fyrirmælum skipulags- og mannvirkjalaga í þeim efnum. Þar sem sveitarstjórnarmenn eru ekki kjörnir til setu í sveitarstjórn til að vera sérfræðingar í málefnum sveitarfélagsins þá hafa sveitarstjórnir jafnframt í flestum tilfellum fagmenntaða skipulags- og byggingarfulltrúa sem vinna við skipulags- og byggingarmál



og eru kjörnum fulltrúum ráðgefandi í þeim efnum. Hafa ber í huga að þó sveitarstjórnir vinni skipulagsáætlanir eru þær allar auglýstar opinberlega og hafa íbúar, fasteignaeigendur og aðrir hagaðilar því tækifæri til að koma á framfæri athugasemdom og gagnrýni um allar áætlanirnar.

Aðalskipulag hvers sveitarfélags er sú skipulagsáætlun sem taka þarf tillit til í öllum ákvörðunum um skipulags- og byggingarmál í sveitarfélaginu. Skilgreining aðalskipulags er samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013 „skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna um landnotkun, byggðarþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu“. Landnotkun samkvæmt sömu lögum og reglugerð þýðir „ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, frístundahús, iðnað, verslun, útivist og landbúnað“. Hver landnotkunarflokkur hefur síðan ákveðna skilgreiningu og gilda ákveðnar reglur og lög um hvern flokk.

Begar aðalskipulag og þar með landnotkunarflokkar hvers sveitarfélags eru skoðaðir er auðvelt að sjá hvar sveitarstjórnir og vissulega aðrir hagaðilar hafa samþykkt að hafa landbúnaðarsvæði og íbúðarbyggð en það eru þeir landnotkunarflokkar sem sýna hvar fólk getur búið í íbúð eða húsi og skráð lögheimili sitt án allra vandkvæða.

Í Grímsnes- og Grafningshreppi eru í boði fjölbreyttir búsetukostir í þéttbýlinu Borg ásamt því að það eru til sölu lóðir/ jarðir í dreifbýlinu. Ég hvet alla til að skoða möguleikana og hlakka til að sjá ykkur í sveitinni.

RISAPRENTUN



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Hún er æ í hjarta þér,
hún er slæm í kolli mér.
Dyravarða iðja er, (sögn)
á undan dagur stundum fer.

Svar við gátu í blaði 2696: **KLÁR**
1. Klárgengur hestur
3. Stendur klár að verki - 4. Kláravín



Vísagátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókauktálfar HÓLAR

Sumargleði

Opið sumardaginn fyrsta á Selfossi kl. 11-15

Frábærar sumargjafir



Gasgrill Q3200
Grillflötur: 63x45 cm, efri grind: 40x11 cm,
brennari: 6,35 kW. 3000403

89.990 kr

20%

Nilfisk
Hábrýstidæla

125 bór, 1,4kW,
438 ltr./klst. 5254250

21.595 kr

26.995 kr

21%

BLACK+DECKER

Mosatætari
600W, 32 cm breidd,
3 hæðastillingar,
40 ltr., safnari. 5083620

18.995 kr

23.915 kr



15%

Char-Broil

Gasgrill Performance Core
Þrír brennarar, postulínshúðað steypujárn,
svart málað stál. 3002200

73.990 kr

86.990 kr



Trampólín tilboð í garðinn

15%

Trampólín,
12 ft Durasport
3,66 metrar, 6 fætur 72
gormar, öryggisnet fylgir,
hámarksþyngd á trampolíni
er 150 kg. 3900557

39.990 kr

47.990 kr

15%

Trampólín, 14 ft
Durasport
4,26 metrar, 6 fætur,
öryggisnet fylgir. 3900586

48.440 kr

56.990 kr



Allt á pallinn

Hægt að raða á mismunandi vega



15%

NEO

Geislahitari

Hægt að nota bæði innan-
og utanhúss. Er með IP65
vottun. Ein hitastilling
2000W. Hægt að festa á
vegg, loft eða þrífót. 1807601

16.140 kr

18.990 kr

30%

Garðsófasett

Lipson nútímalegt borð og
hillur með veðurþolinni alvöru
viðarplötu. Þúðar fylgja.
3880031

89.990 kr

129.990 kr



20" reiðhjól

Hentar 115 -135 cm á hæð

20%



AUTHOR

Barnareiðhjól Energy

Stærð: 20" dekk, 10" grind, þyngd: 10,6 kg. 3901788

33.512 kr

41.990 kr

26" reiðhjól

Hentar 145-160 cm á hæð

20%



SILVERBACK

Reiðhjól Skid

Stærð: 27,5" dekk, þyngd: 11,17 kg. 3901930

49.512 kr

61.990 kr

Öll reiðhjól
20%
afsláttur



DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á hverjum degi!



AÐALFUNDUR

Aðalfundur Ungmennafélags Selfoss verður haldinn í Tíbrá, félagsheimili Umf. Selfoss, Engjavegi 50 fimmtudaginn 27. apríl kl. 20:00.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál
Afhending viðurkenninga
Stjórnin.



Hafnarverk ehf. Þorlákshöfn

Lóðaframkvæmdir, bílastæða og gatnahreinsun, hellulagnir, lóðahönnun og ráðgjöf, bílaplön, göngustígar og öll önnur jarðvinna. Erum ágætlega tækjum búnir getum útvegað allt efni og fjarlæggt jarðveg. Einnig vélaleiga Smágrafa 1.9 tonn og örgrafa 0.8 tonn hentar vel í léttan jarðveg skemmir lítið út frá sér. Hafið samband í síma 8968761 hafnarverk@gmail.com



Ég og maðurinn minn höfum sérstaklega mikinn áhuga á ljóðum segir lestrarhesturinn Hekla Þöll Stefánsdóttir

Hekla Þöll Stefánsdóttir er huppalin í Þorlákshöfn en flutti svo á Selfoss þegar hún var 17 ára. Hún býr í dag í Tjarnabyggðinni ásamt manni sínum Sölva Snæ Jökulssyni og þremur sonum. Hún er með BA og MA próf í fornleifafræði og M.Ed próf í kennslufræði og starfar við Fjölbautaskóla Suðurlands þar sem hún kennir landafræði og stjórnufræði meðal annars. Hún er þó þessa dagana í fæðingarorlofi.

Hvaða bækur ertu að lesa núna?

Ég er alltaf að lesa að minnsta kosti tvær bækur í einu. Mér finnst gott að vera að lesa eina og hlusta á eina. Ég er að lesa Hvíta-dauða eftir Ragnar Jónasson og að hlusta á Bréfið eftir Kathyryn Hughes. Ég er ekki alveg viss hvað það er sem stjórnar því hvaða bækur ég vel mér að lesa, stundum mælir einhver annar með bók sem vekur áhuga minn eða ég les umfjöllun bókarinnar og hún kveikir í mér.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Ég elska bækur sem hafa mjög óvæntan endir, þegar ekkert er eins og maður hélt og maður þarf næstum að lesa bókina aftur til að fá nýja upplifun af henni. Annars er ég lang mest að lesa skáldsögur og hef mjög gaman af bókum með einhverskonar gátu sem þarf að leysa, hvort sem það er morðrannsókn eða einhver dularfullur atburður sem þarf að kanna.

Ertu alinn upp við bóklestur?

Ég hef mjög gaman af barnabókum og mamma las rosalega mikið fyrir okkur systkinin þegar við vorum lítil. Ég held ég

hafi alltaf verið með einhverja bók á náttborðinu sem krakki og þá aðallega ævintýrabækur eins og Harry Potter, Hringadróttinssögu og Eragon. Mamma las mikið af Nancy Drew og Astrid Lindgren bókum fyrir okkur sem ég hafði mjög gaman af. Mamma og pabbi hafa alltaf lesið mjög mikið og gera enn sem er rosalega gott fyrir börn að alast upp við. Ég sjálf legg mikla áherslu á að lesa fyrir mín börn. Uppáhalds bók mín sem krakki var Blómin í Bláfjöllum eftir Jennu Jensdóttur og Hreiðar Stefánsson.

En hvað einkennir lestrarvenjur þínar?

Ég myndi skilgreina mig sem hinn almenna lesara, ég les mikið það sem er í „tísku“ eða bækur sem eru vinsælar hverju sinni. Mér finnst mjög gott að hlusta á bækur þegar ég er að gera eitthvað sem mér finnst leiðinlegt eins og að brjóta saman þvott eða keyra og svo finnst mér gott að lesa bók þegar ég er komin upp í rúm á kvöldin til að róa hugann, sem reyndar virkar ekkert alltaf ef bókina er of spennandi!

Áttu þér uppáhaldshöfund(a) og þá hvers vegna?

Ég vel bækur yfirleitt ekki eftir höfundum en þegar ég lít til baka þá sé ég að ég hef mikið lesið eftir Yrsu Sigurðardóttur eins og sennilega flestir Íslendingar sem lesa og Dan Brown er líka einn sem ég hef lesið mikið eftir. Ég á kannski enn eftir að detta á „minn“ höfund.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Já svo sannarlega. Ef ég myndi leggja saman allan tímann sem



ég hef verið að lesa þegar ég átti að vera sofandi þá myndi það samtals spanna vandræðalega langan tíma! Það er stór hættulegt að eiga svona lestölvu með næturljósi því þá getur maður lesið þó að kallinn sé sofnaður án þess að vekja hann.

En að lokum Hekla, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Ég hef lengi verið með nokkrar hugmyndir en aldrei látið verða af því. Mig langaði lengi að skrifa barnabók sem myndi höfða til stráka sem væru að hefja lestur til að efla áhuga þeirra á lestri. Hver veit nema að ég leggi í það einn daginn. Ég og maðurinn minn höfum líka sérstaklega mikinn áhuga á ljóðum og hefur okkur langað að skrifa saman ljóðabók með óhefðbundnu sniði. Hann er algjör ljóðamaður og semur alltaf ljóð á jólapakkana hjá öllum fjölskyldumeðlimum í skopstíl og hefur það smitast yfir á mig. Annars væri líka gaman að hella sér í að skrifa góða fræðibók um stjórnufræði þar sem mér sem kennara þykir vanta betri kennslubók í stjórnufræði á framhaldsskólastigi.

Umsjón með Lestrarhesti hefur Jón Özur Snorrason – jonozur@gmail.com

Hátíðahöld í Garðyrkjuskólanum á fyrsta degi sumars

Eftir hádegið verður hátíðardagskrá þar sem Garðyrkjuverð-

launin 2023 verða afhent. Húsið verður opið kl. 10:00-17:00



Fjölbreytt úrval af túlípönum verður til sýnis.

Ljósmynd: Freepik.

Löng hefð er fyrir því að halda upp á sumarkomuna í Garðyrkjuskólanum á Reykjum. Opið hús á Reykjum er fastur liður hjá fjölda fólks. Í ár standa nemendur við Garðyrkjuskólann fyrir hátíðinni og þau eru búin að skipuleggja glæsilega samkomu.

Meðal þess sem boðið verður uppá er kynning á námi við Garðyrkjuskólann og FSu, markaðstorg með nýtt grænmeti, veitingasala, ýmiskonar fræðsla og afþreying fyrir unga sem aldna. Stórglæsileg túlípána sýning verður í garðskólanum þar sem hægt verður að skoða um 80 afbrigði af túlípönum.

Dagskráin kaupir blaðakassa

Prentmet Oddi, rekstraraðili Dagskrárinnar, gekk frá kaupum þann 23. mars sl. á 74 blaðakössum sem eru staðsettir í Hveragerði, Selfossi, Þorlákshöfn, Stokkseyri og Eyrarbakka. Fyrrum eigandi, Tómas Arnar Sigurbjörnsson, eigandi Keyrsla.is, hefur dreift Fréttablaðinu og Dagskránni í þessa

kassa undanfarin ár. Nú er Dagskráin eina fríblaðið á Suðurlandi sem hægt er að nálgast í flestum hverfum og stærri samkomustöðum á Suðurlandi. Viðbúið er að vægi Dagskrárinnar muni aukast á komandi tímum þar sem útgáfu Fréttablaðsins hefur verið hætt.



Ljósmynd: Dagskráin/ Helga Guðrún Lárusdóttir.

Fokk me- Fokk you

Nemendur í 5.-10. bekk Laugalandsskóla og Grunnskólans á Hellu sátu í síðustu viku fræðslufund á vegum Kára Sigurðssonar og Andreu Marel sem ber yfirskriftina Fokk me-Fokk you.

Fyrirlesturinn fjallar um sjálfsmynd, samfélagsmiðla og samskipti kynjanna. Hún er ætluð unglingum og ungmönnum, foreldrum þeirra og aðstandendum og starfsfólki sem starfar með unglingum.

Í fræðslunni var fjallað um sjálfsmyndina og þau vakín til umhugsunar um hvað það er sem hefur áhrif á okkur frá degi til dags. Rætt var um hve mikilvægt er að sýna hvert öðru virðingu og virða mörk annarra. Far

ið yfir hvernig áhrif fjölmiðlar og samskiptamiðlar geta haft á okkur og tekin dæmi úr raunveruleika unglunga. Farið var yfir notkun samfélagsmiðla eins og instagram, tiktok og snapchat svo dæmi séu tekin og rætt um tækifæri og áskoranir sem tengjast samskiptum á slíkum miðlum. Einnig var fjallað um kynferðislega áreitni og stafrænt kynferðisofbeldi.

Þann 2. maí er fyrirhugað að hafa fyrirlestur fyrir foreldra og verður það nánar auglýst síðar en fólk er hvatt til þess að fjölmenna þar sem málefnið er mikilvægt.



Fáðu tilboð í auglýsingarnar
Auglýsingasíminn er 482 1944



Taktu þátt í Styrkleikunum á Selfossi 29. - 30. apríl

Styrkleikarnir snúast um að styðja við, heiðra eða minnst þeirra sem hafa fengið krabbamein.

Einstaklingar skrá sig í lið sem skiptist á að ganga, skokka eða hlaupa fyrirfram skilgreinda leið í heilan sólarhring en það er táknrænt fyrir að það fæst engin hvíld frá krabbameini.

Styrkleikarnir eru fjölskylduviðburður og því verður eitthvað um að vera fyrir alla aldurshópa. Allir eru velkomnir og það kostar ekkert að vera með.

Skráning og nánari upplýsingar á: styrkleikarnir.is



Afmælis- og Vortónleikar Karlakórs Rangæinga 2023

Í SELFOSSKIRKJU
Þriðjudaginn 18. apríl klukkan 20.00
Í FELLA- OG HÓLAKIRKJU
miðvikudaginn 19. apríl klukkan 20.00
Í FÉLAGSHEIMILINU HVOLI, HVOLSVELLI,
föstudaginn 21. apríl klukkan 20.00
Í FÉLAGSHEIMILINU LEIKSKÁLUM VÍK Í MÝRDAL
laugardaginn 22. apríl klukkan 17.00

Stjórnandi; Guðjón Halldór Óskarsson
Undirleikari; Glódís Margrét Guðmundsdóttir

Skipulagslýsing vegna stækkunar reitar samfélagsþjónustu S2.



Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 13. apríl 2023 að auglýsa skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029 vegna reitar S2 og aðliggjandi reitar OP í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að koma til móts við fjölgun leikskólabarna í bænum með stækkun reitar S2 til austurs, þar sem fyrir er opið svæði.

Skipulagslýsingin liggur frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20 frá og með 14. apríl 2023 og er auk þess aðgengileg á heimasíðu Hveragerðisbæjar.

Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar í síðasta lagi föstudaginn 28. apríl 2023 á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar Breiðumörk 20, 810 Hveragerði eða á netfangið hildur@hveragerdi.is

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar

Komdu með í ævintýraferð



Leikskólinn Krakkaborg leitar að leikskólakennurum. Viðkomandi þarf að vera jákvæður, tilbúin að taka þátt í metnaðarfullu og faglegu starfi þar sem þroski og velferð barna er í fyrirrúmi.

Krakkaborg er þriggja deilda leikskóli staðsettur í Flóahreppi. Nemendur eru á aldrinum 1 – 6 ára. Krakkaborg er Grænfánaleikskóli og er því lögð rík áhersla á umhverfismennt og grenndarkennslu. Leikskólinn starfar eftir hugmyndafræði John Dewey og eru einkunnarorð leikskólans Hugur - Hjarta - Hönd

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Leikskólakennari vinnur samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara að uppeldi og menntun leikskólabarna og tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs ásamt foreldrasamstarfs undir stjórn deildarstjóra. Hann fylgist með nýjungum á sviði kennslu og er virkur þátttakandi í faglegri umræðu leikskólans.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennararéttindi
- Jákvæðni, frumkvæði og samstarfsvilji
- Færni í mannlegum samskiptum
- Áhugi, reynsla og hæfni í starfi með ungum börnum
- Góðir skipulagshæfileikar
- Sveigjanleiki
- Góð íslensku kunnátta
- Reynsla af uppeldi og menntun leikskólabarna

Miðast er við að starfsmaður geti hafið störf 10. ágúst 2023 eða eftir nánara samkomulagi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Vakin er athygli á að ef leikskólakennari sækir ekki um kemur til greina að ráða aðra háskólamenntaða einstaklinga eða leiðbeinendur.

Umsóknir skulu berast í gegnum heimasíðu leikskólans krakkaborg.leikskolinn.is fyrir 30. apríl nk. Með umsókn skal fylgja ferilskrá.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sara Guðjónsdóttir leikskólastjóri í síma 480-0151 eða krakkaborg@krakkaborg.is

Íbúafundur um fjárhagsstöðu Árborgar – spurningar og svör

Rekstur sveitarfélagsins Árborgar hefur staðið höllum fæti undanfarin ár, og boðaði bæjarstjórn til íbúafundar á Hótel Selfossi 12. apríl til að kynna fyrirhugaðar aðgerðir til að rétta úr kútnum. Fjóra St. Kristinsdóttir, sveitarstjóri í Árborg og Bragi Bjarnason, formaður bæjarráðs, gerðu sitt besta til að svara spurningum íbúa sem streymdu inn. Hér á eftir eru þrettán spurningar og svör sem fram komu í lok fundarins:

Hvaða niðurskurðartilögur liggja fyrir nú?

Fjóra: Hagræðingarteymi hefur verið að störfum og við höfum verið að vinna að því taka saman þær tillögur sem við þurfum að skila inn til nefndarinnar. Við munum taka þær fyrir á bæjarstjórnarfundum þann 26. apríl. Þá verðum við með pakkann alveg tilbúinn en við þurfum að skila tillögunum frá okkur 30. apríl. Við erum að vinna að alls kyns hagræðingartilögum og langmesti kostnaðurinn er í fjárfestingum, við höfum hægt á ákveðnum verkefnum og getum leyft okkur það þar sem við erum ekki bundin, en við erum ekki að fara að fjárfesta í því sem er ekki að fara að skapa okkur tekjur eða er ekki grunnþjónusta eins og til dæmis frístundamiðstöð og fjárfestingum sem voru á áætlun munum við ýta á undan okkur. Við erum auðvitað bundin eins og í Stekkjaskóla og í fráveitumálum og þar munum við halda áfram. Það er mjög nauðsynlegt að halda þjónustu við íbúa og við munum gera það.

Kemur til greina að loka skólahúsnæðinu á Eyrarbakka?

Fjóra: Við erum núna með fjóra mjög flotta grunnskóla sem eru mis ásetnir og það verður þannig áfram í svona sveitarfélagi sem er ört vaxandi. Við fáum stjórnendur með okkur í lið til þess að skoða möguleika á hagræðingu án þess að skerða lögbundna þjónustu því það er auðvitað okkar fremsta fólk sem við erum að tala um í grunn- og leikskólum og þar erum við ekki að fara að skerða þjónustu þó svo að við hagræðum eins og við getum því það er allstaðar möguleiki til hagræðinga. En það er ekki inni í hagræðingapakkanum núna að loka skólahúsnæðinu á Eyrarbakka.

Uppsagnir eru yfirvofandi. Mun þá bæjarstjórn fækka um einn?

Fjóra: Það var einn sem hætti um áramót.

Kemur til greina að selja Selfossveitur?

Fjóra: Það hefur ekkert komið til tals og er ekki inni í þessum hagræðingartilögum. Við erum

bara að koma með þær tillögur sem forstöðumenn hafa komið með sem hagræðingar innan sinna deilda. Þau hafa komið með mjög góðar tillögur sem við viljum fara með áfram.

Mun þurfa að segja upp starfsfólki sem vinnur fyrir Árborg?

Fjóra: Ég get ekki sagt hvort og hverjir það verða en það er óhjákvæmilegt að það verði einhverjar uppsagnir. Við erum með ráðningarbann og höfum verið að skoða allar stöður og ef einhver segir upp þá skoðum við það með viðkomandi sviðsstjóra hvort möguleikar á hagræðingum eða breytingum séu til staðar. Við höfum verið að reyna að fækka stöðugildum án þess að það sé gert á sársaukafullan hátt.

Á að lækka laun bæjarfulltrúa?

Fjóra: Laun bæjarfulltrúa og nefndarmanna voru öll lækkuð þann 1. mars.

Bragi: Við erum nú þegar búin að lækka laun og þóknar bæjarstjórnar og bæjarstjóra um 5% sem skilar sér í 21 milljón inn í hagræðingarpakkann.

Hvaða fjárfestingum er hægt að fresta?

Bragi: Nú þegar erum við meðal annars búin að fresta uppbyggingu á frístundamiðstöð sem var fyrirhuguð. Við erum í samstarfi við starfsmenn sveitarfélagsins að finna lausnir á því hvernig er mögulegt að nýta betur þá fermetra sem sveitarfélagið á.

Hvers vegna fá 8.-9. bekkur ekki unglingavinnu?

Bragi: Okkur þykir ómurlegt að þurfa að bjóða upp á minni sumarvinnu fyrir unglingana okkar. Það er engin léttúð að taka slíkar ákvarðanir en þetta er ein af þeim aðgerðum sem við þurfum að grípa til. Með þessu þurfum við að ráða færri sumarstarfsmenn með gríðarlegum kostnaði fyrir sveitarfélagið. Á móti viljum við koma með mótaðgerðir, þjónustu í félagsmiðstöðinni

sem er töluvert ódýrara þannig að krakkarnir hafi eitthvað við að vera.

Hvaða eignir á að selja?

Bragi: Við erum að íhuga sölu á eignum og það er verið að skoða hvaða eignir það geta verið.

Kemur til álita að fækka bæjarfulltrúum?

Bragi: Það var samþykkt á síðasta kjörtímabili að fjölga bæjarfulltrúum upp í 11 samkvæmt reglum um sveitarfélög og þar af leiðandi getum við ekki fækkað þeim.

Hver var lokakostnaður við fjölnota íþróttahúsið á Selfossi?

Bragi: Selfosshöllin kostaði um 1,5 milljarð króna.

Hvernig stöndum við varðandi leikskólana?

Fjóra: Við stöndum vel, við stöndum bara svipað og við höfum gert síðustu ár. Eftir að Stekkjaskóli opnaði erum við með húsnæði sem hýsti skólann áður og þar ætlum við að opna tvær leikskóladeildir í ágúst líklegast sem mun tilheyra Jötunheimum og þaðan höfum við möguleika á að fara í fleiri deildir þannig að við stöndum mjög vel þar.

Stendur til að hækka fasteignagjöldin?

Fjóra: Fasteignagjöldin munu haldað eins og þau eru út þetta ár en miðað við gríðarlega hækkan á fasteignamati þykir mér mjög líklegt að þau muni hækka aftur eftir ár.

Fá íbúar að kjósa um stærstu niðurskurðartilögurnar?

Fjóra: Íbúar eru búnir að kjósa, þið kusuð okkur. Við erum öll að vinna saman. Við stöndum í brúnni og ætlum að gera þetta okkur öllum til hagsbóta því að við höfum mikla trú á því sem liggur fyrir og ég hef trú á því að við munum sigla út úr þessu fyrr en við ætlum okkur.



Ljósmynd: Dagskráin/Helga Guðrún Lárusdóttir

Fjárhagsleg markmið um rekstur Árborgar

Sveitarfélagið Árborg hefur á undanförunum árum vaxið hratt sem hefur kallað á umfangsmiklar innviðafjárfestingar á borð við skóla, veitur og íþróttamannvirki. Á árunum 2016 -2021 fjölgaði íbúum um 27,4% og hafa útgjöld til þjónustu við íbúa einnig vaxið ört og stöðugildum hjá sveitarfélaginu við grunnþjónustu fjölgað hraðar en sem nemur fólksfjölgun.

Samhliða vextinum hefur skuldasöfnun aukist verulega og sveitarfélagið verið rekið með umtalsverðum halla frá árinu 2019. Þá hafa hækkanir vextir, verðbólga og launahækkanir síðustu missera leitt til mun verri rekstrarskilyrða fyrir sveitarfélagið.

Heildarskuldur Árborgar eru í dag rúmlega 27 milljarðar króna og er skuldaviðmið sveitarfélagsins nú um 160% af tekjur og uppfyllir Árborg því ekki skuldaviðmið samkvæmt lögum sem kveða á um að það hlutfall skuli ekki vera hærra en 150%.

„Sveitarfélagið Árborg er að takast á við mikla vaxta-verki. Leiðin út úr vandanum er tvíþætt: Í fyrsta lagi ábyrg og raunsæ fjármálastjórn og lausnamiðuð hugsun þar sem að allir ábyrgir aðilar innan sveitarfélagsins þurfa að leggja sitt að mörkum til að draga úr kostnaði, auka skilvirkni og styrkja rekstrargunn stofnana okkar. Í öðru lagi þurfum við að nýta þau

tækifæri sem felast í þeirri uppbyggingu og fjárfestingum sem átt hafa sér stað í sveitarfélaginu á síðustu árum. Árborg er í dag heitur reitur í ferðaþjónustu, atvinnuuppbyggingu og mannlífi á Suðurlandi. Í því felast klárlega tækifæri sem við ætlum okkur að nýta til þess að vaxa út úr vandanum. Það mun takast með samstilltu átaki,“ segir Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, bæjarstjóri Árborgar.

Brú til betri vegar

Bæjarstjórn Árborgar hefur sett sér fjárhagsleg markmið til að ná tökum á fjármálum sveitarfélagsins. Þau markmið er að finna í tillögum að áætlun sem kallast Brú til betri vegar og var kynnt fyrir íbúum á opnum íbúafundi 12. apríl. Meðal markmiða Brúarinnar er:

Auka framlegð af rekstri að jafnaði um 500 milljónir króna árlega

Skuldaviðmið sveitarfélagsins verði komið undir 150% eins og lög kveða á um árið 2028

Til lengri tíma verði skuldaviðmið Árborgar ekki hærra en 120%

Launakostnaður Árborgar verði komið í 56% af rekstrartekjum árið 2025 en það er um 60% í dag

Seldar verða byggingarlóðir og eignir fyrir 800 m.kr. 2023

Frá árinu 2024 er gert ráð fyrir að seldar verði eignir og

byggingarlóðir fyrir 300 m.kr. á ári

Fjárfest verði fyrir u.þ.b. 2-2,5 ma.kr til ársins 2025 til að ljúka fjárfestingum við m.a. veitur, og grunnskólann Stekkjaskóla.

Á árunum 2026-2029 verði fjárfestingar Árborgar á bilinu 1,2-1,5 ma.kr á ári.

Öll verkefni og þjónusta sveitarfélagsins verður endurskoðuð og forgangsraðað með það að markmiði að fjármál Árborgar verði aftur sjálfbær.

Bæjarstjórn Árborgar mun óska eftir tillögum íbúa varðandi sparnað og aðhald í rekstri í gegnum vefinn Betri Árborg.

Fréttatilkynning frá Sveitarfélaginu Árborg.

Atvinna í boði

Reykjabúið ehf / Ölfus

Reykjabúið ehf auglýsir eftir röskum aðila til að taka að sér þrif á fuglahúsum í Ölfusi.

Fuglahús eru mokuð og sápu þriffin eftir hverja eldislotu.

Árðandi að viðkomandi temji sér verklag og umgengnisreglur sem gilda í svona starfsemi.

Nánari upplýsingar veitir Jón Magnús, s. 566 8250 - reykjabuid@kalkunn.is

Reykjabúið ehf, 271 Mosfellsbæ



Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi tillögur að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Miðkriki – Deiliskipulagstillaga

Deiliskipulagið nær til um 1,2 ha landspildu Miðkrika L164183. Gert er ráð fyrir allt að 5 húsum s.s. íbúðar- eða frístundahús, bílskúr, gestahús, skemmu, gróðurhús eða gripahús. Mesta leyfilega mænishæð er 6m m.v. aðliggjandi landhæð.

Litla-Dímon – Deiliskipulagstillaga

Um er að ræða ca 3,5 ha spildu úr Litla-Dímon L230219. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu tjaldsvæðis og tengdrar þjónustu. Innan byggingarreits B1 er gert ráð fyrir allt að 200 m² aðstöðuhúsi með allt að 6,0m mænishæð m.v. gólfplötu.

Laxhof – Deiliskipulagsbreyting

Breytingin felst í því að byggingarreit er skipt upp í tvo. Heimilt verður að byggja allt að 220 m² íbúðarhús, 130 m² hesthús og 50 m² gestahús.

Ofangreindar tillögur að deiliskipulagi er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 19. apríl nk. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 31. maí nk. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. og 3. mgr.

40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar sameiginlega skipulagslýsing að annars vegar gerð deiliskipulags og hins vegar breytingar á aðalskipulagi Rangárþings eystra.

Steinar 1 – Aðalskipulagsbreyting ásamt deiliskipulagi

Um er að ræða breytingu á landnotkun á hluta jarðarinnar Steinar 1 L163721 og lóðarinnar Hvassafell 2 L219654, samtals að stærð 107,6 ha, úr Landbúnaðarland (L) í verslun- og þjónustu (VB).

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt skipulagslýsing deiliskipulagstillögu í Rangárþingi eystra.

Bakkafit – Deiliskipulag

Um er að ræða ca 17 ha svæði spildunnar Bakkafitjar (Fagrahlíð lóð L179457) í Fljótshlíð. Gert er ráð fyrir afmörkun lóðar undir íbúðarhús, aðkomu og byggingarreit.

Ofangreindar skipulagslýsingar verða kynntar fyrir almenningi með opnu húsi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli, mánudaginn 24. apríl nk. frá kl. 10:00 – 12:00. Einnig verða tillögurnar aðgengilegar á heimasíðu Rangárþings eystra www.hvolsvollur.is. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við skipulagslýsingarnar og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 10. maí nk.

F.h. Rangárþings eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
Skipulags- og byggingarfulltrúi



Ljósmynd: Dagskráin/Helga Guðrún Lárusdóttir

Líf Kírópraktík opnar í miðbæ Selfoss

Líf Kírópraktík er búið að opna útibú í nýja glæsilega miðbænum á Selfossi, að Brúarstræti 12, þar sem Hlaðan var áður til húsa. Líf Kírópraktík er ein af stærstu stofunum á höfuðborgarsvæðinu og sú stærsta þegar kemur að meðgöngu og ungbarna kírópraktík.

„Okkar fyrsta kírópraktor stofa er staðsett í Kópavogi og verður Selfoss önnur stofan sem

við opnum. Að auki þjónustum við allt Austurland, með aðsetur á Egilsstöðum og Snæfellsnes, með aðsetur í Grundarfirði. Það ríkir mikil tilhlökkun að geta tekið þátt í þessari miklu uppbyggingu sem er að eiga sér stað á Selfossi. Hjá okkur starfa 3 kírópraktorar og munu þau öll koma til með að þjónusta Selfoss útibúið en sá fjórði bætist við í sumar.

Eins og áður kom fram þá meðhöndlar Líf Kíró mikið af unghörnum og konum á meðgöngu, íþróttafólk og alla aðra almenna stoðkerfiskvilla,“ segir Vignir Þór Bollason kírópraktor.

„Formleg opnun var mánudaginn 13. mars og höfum við opnað fyrir bókanir. Opnunar tímar koma til með að vera á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum fyrst um sinn en vonandi verður grundvöllur fyrir því að hafa opið alla virka daga þegar fram líða stundir. Besta leiðin til að nálgast tíma-bókanir er í gegnum noona.is/ lifkíró eða á Noona appinu, í síma 5787744 eða á lifkíró.is,“ segir Vignir að lokum.



Aðalfundur

Framsóknarfélags Árborgar

Aðalfundur verður haldinn fimmtudaginn 4. maí kl. 20:00 á Eyravegi 15, 800 Selfossi.

Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar
- Reikningsskil
- Lagabreytingar
- Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga
- Ársgjöld
- Önnur mál



Bókmenntahátíðin „Máttugar meyjar“

Bókmenntahátíðin Máttugar meyjar verður haldin á Eyrarbakka 15.-23. apríl í tilefni af 10 ára afmæli Konubókastofu. Hátíðin er fjölbreytt og haldin á ýmsum menningarstöðum í bænum.

Fimmtudagur 20. apríl

Handavinnustund í Konubókastofa, Eyrarbakki - kl. 16:00

Gestir eru hvattir til að sinna sinni handavinnu á meðan hlustað er á höfundana Elísabetu Steinunni Jóhannsdóttur Sörensen og Ragnheiði Lárusdóttur sem lesa úr verkum sínum. Þá mun Anna Kristín Hannesdóttir lesa úr þýðingu sinni á verkunum Hinstu blíðuhót og Augnablik í eilífðinni eftir Kjersti Anfinnsen.

Laugardagur 22. apríl

Ritsmiðja fyrir börn í Skrífunni, Eyrarbakki - kl. 14:00

Linda Ólafsdóttir teiknari, málari og rithöfundur stýrir ritsmiðju fyrir börn.

Fjölskyldu jóga í Gömlu kartöflugeymslunni, Eyrarbakki - kl. 16:00

Fjölskyldujóga í umsjón Evu Daggar Atladóttur í Gömlu kartöflugeymslunni. Eva Dögg Atladóttir hefur lært hatha yoga úti á Indlandi í Sivananda Yoga Centre en Swami Sivananda var læknir sem kenndi helstu yoga stöðurnar til að hafa fullkomna heilsu. Eva Dögg ætlar að kenna þessar stöður og fræða okkur um þær, jafnframt því að kynna nokkrar yoga bækur og fá nemendur efni úr þeim. Djúp slökun og möntrusöngur í lokin.

Konukvöld í Rauða Húsinu, Eyrarbakki | „Leynardómur yndisþokkans“ - kl. 19:30

Á Konukvöldinu verður höfðað til yngri kvenna með ýmsum hætti. Sæbjörg Eva Hlynisdóttir sér um tónlistaratriði. Spunahópurinn Eldklárar og eftirsóttar treður upp og

kynnir meðal annars væntanlega ljóðabók sína. Heiða Vigdís Sigfúsdóttir les úr bók sinni Getnaði.

Hallgerður Freyja Þorvaldsdóttir mun lesa upp úr bók sem var skrifuð til að kenna ungum konum að koma fram og fleira. Eva Katrín kynnir Eva's Breath og ýmislegt fleira.

Miðasala er á tix.is og eru fordrykkur, gjafapoki og léttar veitingar innifalín í miðaverði.

Sunnudagur 23. apríl

Hannah Kent og afmælihátíðin í Rauða Húsinu, Eyrarbakki - kl. 14:00

Gestum er boðið til samtals við rithöfundana Hönnuh Kent og Þórunni Valdimarsdóttur í Rauða Húsinu. Fjallað verður um verk þeirra í opnu samtali, sameiginlega snertifleti og opnað fyrir spurningar úr sal. Viðburðurinn er hluti af Bókmenntahátíð í Reykjavík.

Þá mun sagnfræðingurinn Dalrún Kaldakvísl fjalla um doktorsrannsókn sína á ráðskonum í sveit á síðari hluta 20. aldar. Meginheimildir rannsóknarinnar eru viðtöl sem Dalrún tók við 41 fyrrum ráðskonu. Í erindi sínu beinir hún sjónum að félagslegri stöðu ráðskvenna í sveit, með því að reifa ýmsa þætti sem einkennu stöðu ráðskvenna, bæði áður en þær réðu sig til starfa sem ráðskonur sem og á meðan ráðskonuivist þeirra stóð. Það hefur hallað mikið á konur í Íslandssögunni og því hefur Dalrún sérstaklega beitt sér fyrir því að taka sagnfræðiviðtöl sem hverfast um líf kvenna. Að lokum verður gestum boðið til afmælisveislu með veglegum veitingum.

Listaverk Heru Fjord verður í Rauða Húsinu laugardag og sunnudag.

Uppbyggingarstjóður Suðurlands styrkir hátíðina.



Karлакór Selfoss



Vortónleikar 2023

Fimmtudaginn 20. apríl í Selfoskirkju kl. 20

Þriðjudaginn 25. apríl í Selfoskirkju kl. 20

Fimmtudaginn 27. apríl í Fella og Hólakirkju kl. 20

Laugardaginn 29. apríl í Skálholtsdómkirkju kl. 17

Stjórnandi: Skarphéðinn Þór Hjartarson

Píanóleikur: Jón Bjarnason

**Þögöngumiðaverð
kr. 4000**

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýst eftirfarandi deiliskipulagstillaga:

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi 13. apríl 2023, tillögu að deiliskipulagi í Breiðumýrarholti. Tillagan tekur til tveggja 6,4 ha landspíðna í landi Breiðumýrarholts, L194764 og L194765. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að á hvorri spíðu verði byggingarmagn fyrir íbúðarhúsi allt að 250m², bílskúr allt að 70m², gestahúsi allt að 150m², hesthús/skemma allt að 500m². Svæðið er í gildandi aðalskipulagi Árborgar 2020-2036, skilgreint sem landbúnaðarland. Aðkoman að svæðinu er af Holtsvegi og norður Mýrarveg.

Ofangreind skipulagstillaga liggur frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Tillagan er auglýst með athugasemdafresti frá 19. apríl til og með 31. maí 2023. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna, og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 31. maí 2023.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

Virðingarfyllt,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi





Firmakeppni Sleipnis

verður laugardaginn 29. apríl

Keppnin hefst kl. 13 með hefðbundinni dagskrá.

Dagskráin verður sem hér segir:

- 250m stökk
- Barnaflokkur
- Unghrossaflokkur
- Unglingaflokkur
- Ungmennaflokkur
- Áhugamannaflokkur
- Opinn flokkur
- Pollaflokkur

Pollaflokkur verður inni í reiðhöll er dagskrá á velli lýkur sem og kaffiveitingar.

Hvetjum félagsmenn til að mæta

Skráning hefst 22. apríl fer fram á Sport Feng, www.sportfengur.com og lýkur 28. apríl á miðnætti.

Firmakeppnisnefnd Sleipnis

Samvinna barnanna vegna Fundur foreldra í sveitarfélaginu þínu

Skiptir samvinna foreldra máli fyrir farsæld barna?

Hvað get ég lagt af mörkum til að auka velliðan barna í mínu nærsamfélagi?

Hlökkum til að sjá þig!

Þriðjudaginn 25. APRÍL

Fundurinn er ætlaður foreldrum og forsjáradílum barna í Árborg.

Kl. 20:00 - 21:15

Staðsetning: Vallaskóli, Selfossi

Einnig verður hægt að horfa á fundinn í streymi.

Skráning í gegnum link sem sendur hefur verið í tölvupósti frá þínu skólasamfélagi.

Mikilvægt er að skrá sig til að fá link að streymi.



Heimili og skóli Landssamtök foreldra



Stjórnarráð Íslands Mennta- og barnamálaráðuneytið



Sumardagurinn fyrsti í Hveragerði



Sundlaugin Laugaskarði opin frá kl 10:00 - 17:30

Fögnum hækkandi sól saman í sundi

10:00 - 12:00: Komið, syndið 200m og njótið. Morgunverður í boði fyrir sundgarpa.

11:00 Karlakór Hveragerðis syngur fyrir gesti laugarinnar.

13:00 Sönguganga frá sundlauginni með Nírdi Sigurðssyni

14:00 - 16:00 Krakkadagskrá með Rakel og Gunnari.

Sumarhressing frá Kjörís fyrir sundglaða krakka.

Ljóð í laug - Ljóð til lestrar og yndisauka fyrir laugargesti.

Hveragerðiskirkja 11:00 til 13:00

11:00 Skátugöðspjónusta. Sumarskemmtun Skátanna við kirkjuna til kl. 13:00. Grillaðar pylsur, candy-floss og hoppukastalar í boði Skátanna og Hveragerðiskirkju.

Listasafn Árnesinga opið milli 12:00 og 17:00

Öll velkomin og ókeypis aðgangur. Teiknikennsla í fræðsluhorninu.

Garðyrkjuskólinn opinn milli 10:00 og 17:00

Fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna og kaffisala skipulögð af nemendum.

13:30 - 14:30 Hátíðardagskrá.

Afhending garðyrkjuverðlauna og umhverfisverðlauna Hveragerðisbæjar.



HVERAGERÐISBÆR

Gleðilegt sumar

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar skipulagslýsingar eftirfarandi aðalskipulagsbreytinga:

1. Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032;

Íbúðarsvæði ÍB2 og Miðsvæði M1; Borg í Grímsnesi; Breyttir skilmálar; Aðalskipulagsbreyting - 2303045

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. apríl 2023 að kynna lýsingu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytinga á íbúðarsvæði ÍB2 og Miðsvæði M1. Gerð verður breyting á uppdrætti og greinargerð. Íbúðabyggð ÍB2 mun minnka að vestan en tegja sig lengra til norðurs. Skilmálar verða endurskoðaðir hvað varðar heildarfjölda íbúða og nýtingahlutfall lóða. Miðsvæði M1 mun tegja sig lengra til vesturs meðfram Biskupstungnabraut. Aðliggjandi landnotkunareitir taka breytingum til samræmis breytti afmörkun ÍB2 og M1.

2. Minni-Borg golfvöllur ÍP5 og Landbúnaðarsvæði L3; Breytt landnotkun, nýtt íþróttasvæði og verslunar- og þjónustusvæði við Borg; Aðalskipulagsbreyting - 2303019

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. apríl 2023 að kynna lýsingu aðalskipulagsbreytingar vegna breyttrar landnotkunar innan aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 sunnan þjóðveggar við Borg. Fyrirhugað er að gera ráð fyrir níu holu golfvelli, ásamt golfskála, veitingasölu og aðstöðu til gistingar. Í breytingunni fellst að svæði fyrir verslun og þjónustu verður skilgreint þar sem nú er íþróttasvæði ÍP5. Aðliggjandi svæði er skilgreint sem landbúnaðarland L3 þar sem fyrirhugað er að byggja upp íbúðarlóðir. Syðst á því svæði er fyrirhugað að rísi hesthús ásamt reiðskemmu. Breyta þarf aðalskipulagi á þann hátt að nýtt íþróttasvæði fyrir hestaíþróttir verður skilgreint á því svæði.

3. Árnes; Þéttbýli; Landnotkunarflokkar; Aðalskipulagsbreyting - 2303052

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. apríl 2023 að kynna lýsingu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 vegna þéttbýlisins í Árnesi. Markmiðið með breytingunni er að svara eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði í Árnesi.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:

4. Stóra-Borg lóð 16 L218060; Íbúðarsvæði með rúmum byggingarheimildum; Deiliskipulag - 2302027.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. mars 2023 að kynna skipulagslýsingu fyrir gerð nýs deiliskipulags fyrir landbúnaðarsvæði í landi Stóru-Borgar lóð 16 L218060, sem staðsett er rétt norðvestan við þéttbýlið Borg í Grímsnesi. Heildarstærð lóðar skv. fasteignaskrá er 54,9 ha. Aðkoma að skipulagssvæðinu er af Biskupstungnabraut nr. 35, um Borgarbraut og nýjan veg af henni. Með deiliskipulagi verða afmarkaðar íbúðarlóðir á bilinu 1 - 1,5 ha að stærð með rúmum byggingarheimildum þar sem heimilt verður að stunda léttan hreinlegan iðnað, skógrækt og húsdýrahald. Áhersla er lögð á góðar göngu- og tengingar innan svæðisins og að helstu þjónustu sem þéttbýlið á Borg hefur upp á að bjóða.

Samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsbreytinga og nýrra deiliskipulagsáætlana:

5. Þóroddsstaðir; Langirimi-frístundabyggð; Skilmálabreyting; Deiliskipulagsbreyting - 2302025

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. mars 2023 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til frístundasvæðis Langarima í landi Þóroddsstaða. Í breytingunni felst breyting á skilmálum deiliskipulags með þeim hætti að heimilt verði að vera með rekstrarleyfisskylda gistingu í flokki I og II skv. reglugerð nr. 1277/2016.

6. Kringla 2; Árvegur 1-12; Hnitsetning og uppfærsla skilmála;

Endurskoðun deiliskipulags - 2303027

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. apríl 2023 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til Árveggar 1-12 í landi Kringlu 2. Í tillögunni felst m.a. að á lóðunum sem eru landbúnaðarlóðir er heimilt að reisa íbúðarhús og aukahús s.s. gestahús, gróðurhús, hesthús og/eða geymslu/skemmu. Við gildistöku viðkomandi deiliskipulags fellur eldra skipulag úr gildi.

7. Hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum; Neðri-Hveradalir reitur 10;

Bílastæði og þjónustuhús; Endurskoðað deiliskipulag - 2302035

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. mars 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til deiliskipulags fyrir Neðri-Hveradali í Kerlingarfjöllum. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á byggingarheimildum fyrir þjónustuhús og bílastæði við Neðri-Hveradali. Ákveðið var að vinna nýtt deiliskipulag í stað þess að vinna breytingu á gildandi skipulagi svæðisins. Það felur í sér að við gildistöku nýs deiliskipulags fyrir reit 10, þá verður sama svæði fellt úr gildi í deiliskipulagi frá 2014 með óverulegri breytingu sem tekur gildi samhliða framlagðri deiliskipulagstillögu. Samkvæmt tillögunni verður heimilt að byggja allt að 20 m² þjónustuhús með salernum. Heimilt er að vera með palla umhverfis húsið og aðstöðu fyrir gesti til að setjast niður, njóta útsýnis og borða nesti. Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi bílastæða geti verið allt að 84.

8. Brjánsstaðir land 1 L200776; Smámýrarvegur og Heiðarbraut;

Nýtt deiliskipulag og deiliskipulagsbreyting - 2301047

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. apríl 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til frístundasvæðis að Smámýrarvegi í landi Brjánsstaða L200776. Í gildi er deiliskipulag sem tekur til Smámýrarveggar og Heiðarbrautar. Með samþykkt þessa deiliskipulags er gert ráð fyrir að afmörkun sem nær yfir Smámýrarveg verði felld út úr núgildandi deiliskipulagi svæðisins. Deiliskipulagstillagan nær yfir um 18 ha lands. Á svæðinu er gert ráð fyrir 25 lóðum að stærðinni 4.530 fm - 14.490 fm og eru þrjár lóðir innan svæðisins þegar byggðar. Auk frístundahúss verði heimilt að hafa aukahús/gestahús og hverri lóð og teljast þær byggingar með í heildarbyggingarmagni lóðar. Hámarks-nýtingarhlutfall lóða er 0,03.

9. Ásbrekka L166535; Byggingareitir og afmörkun skógræktar;

Deiliskipulag - 2301045

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. febrúar að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til jarðarinnar Ásbrekku. Á jörðinni er m.a. stunduð skógrækt. Innan deiliskipulagsins eru skilgreindir fjórir byggingareitir þar sem m.a. er gert ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúsa, gestahúsa og útihúsa.

10. Grandi L166643; Votadæl 1, 3 og 5; Fjölgun lóða;

Deiliskipulagsbreyting - 2211025

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. apríl 2023 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar lóðar Grandi L166643 (Votadæl) úr jörð Sandlækjar. Í breytingunni felst fjölgun lóða og byggingarreita innan svæðisins. Eftir breytingu er gert ráð fyrir 3 lóðum á svæðinu þar sem heimilt verði að reisa allt að 3 hús á hverri lóð innan nýtingarhlutfalls 0,03. Heimilt er að byggja íbúðarhús m/bílskúr, gestahús og skemmu/geymslu í samræmi við nýtingarhlutfall

11. Minni-Ólafsvellir L166482; Byggingarheimildir; Deiliskipulag - 2302014

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. apríl 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til Minni-Ólafsvalla. Í tillögunni felst skilgreining á byggingarreitum umhverfis núverandi hús auk þess sem gert er ráð fyrir uppbyggingu hesthúss og 3 gestahúsa.

12. Álfstaðir II L215788; Nýbyggingar; Deiliskipulag - 1806055

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. apríl 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til Álfstaða II L215788. Í deiliskipulaginu felst heimild til uppbyggingar á íbúðarhúsi, gestahúsa, reiðhallar/hesthúss og skemmu á fjórum byggingarreitum.



Aukin þjónusta við nemendur FSU

Halla Dröfn Jónsdóttir félagsráðgjafi hefur hafið störf við Fjölbrotaskóla Suðurlands en hún mun sinna starfi skólafélagsráðgjafa. Halla Dröfn hefur lengi starfað innan velferðarþjónustu með börnum og fjölskyldum þeirra en sú reynsla hennar mun nýtast vel í þessu starfi.

Hlutverk félagsráðgjafa er fyrst og fremst að vera til staðar fyrir nemendur sem þurfa ráðgjöf og/eda stuðning við hinar ýmsu áskoranir lífsins. Halla mun einnig sinna hlutverki tengiliðs sem kveðið er á um í nýjum farsældarlögum. Með eflingu nemendaþjónustu vill skólinn tryggja samþætta þjónustu í þágu ungmenna og efla forvarnarstarf og snemmtækan stuðning í nærumhverfi nemenda.

Félagsráðgjafi getur stutt nemendur sem glíma við vanlíðan eða persónulegar áskoranir af

einhverju tagi og vísað á leiðir innan heilbrigðiskerfisins sé þess þörf. Félagssráðgjafi býður einnig upp á ráðgjöf til foreldra/forráðafólks sem tengist hagsmunum og líðan ungmenna. Áherslur skólafélagsráðgjafa ná yfir allt það í lífi barna sem hefur truflandi áhrif á menntun þeirra og lífsgæði en verksvið skólafélagsráðgjafa er fjölbreytt og leitast þeir við að hafa heildarsýn yfir aðstæður.

Hægt er að senda póst á netfangið halladrofn@fsu.is eða hringja í númerið 480-8100 til þess að bóka viðtalstíma hjá félagsráðgjafa skólans. Einnig er hægt að fara á slóðina: Félagssráðgjafi (office365.com) og panta tíma rafrænt.

Aðsetur félagsráðgjafa eru á þriðju hæð í Odda, aðalbyggingu skólans, í stofu 309. Félagssráðgjafi er til viðtals á þriðjudögum og miðvikudögum frá 9:00-16:00. *hdj/jöz*

Frítt í apríl og maí

BYRJENDANÁMSKEIÐ

fyrir stráka

JÚDÓ ER: **TÆKNI - STYRKUR/ÞREK - LIÐLEIKI/JAFNVÆGI**
ÖFLUG SJÁLFSVÖRN - EYKUR SJÁLFSÖRYGGI - RYTMI/DANS

Æfingar hefjast 17. apríl og eru á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 17:00–18:00 í júdósalnum hjá Crossfit Selfossi - Eyravegi 22 – Selfossi.

Þjálfari George Bountakis 6. Dan í judo s. 772 6084 og til aðstoðar eru Böðvar og Hrafn s. 845 5355.

Nánari upplýsingar eru á Facebook: judofelag Sudurlands og Instagram: judofelag_sudurlands

JS

JUDOFÉLAG SUÐURLANDS

Daria Bilodid
17 ára
yngsti heimsmeistari í sögu Judo

ÞORIÐ ÞIÐ!

Samkvæmt 32. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða sveitarstjórnar vegna eftirfarandi aðalskipulagsbreytinga. 13. Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032; Skilmála-breyting fyrir landbúnaðarland; Íbúðarhúsaloðir; Aðalskipulagsbreyting - 2303037 Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. apríl 2023 tillögu að óverulegri breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Í breytingunni felst að veittar eru rýmri heimildir vegna stærða íbúðarhúsaloða innan landbúnaðarlands. 14. Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032; Skilmála-breyting fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2303036 Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. apríl 2023 tillögu að óverulegri breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Í breytingunni felst ítarlegri skilgreining á heimildum er varðar skógrækt innan aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps með það að markmiði að veita betri yfirsýn og stjórn á skógræktarverkefnum innan sveitarfélagsins. 15. Bjarnastaðir frístundabyggð F76; Færsla landnotkunarreits; Aðalskipulagsbreyting - 2303026 Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. apríl 2023 tillögu að óverulegri breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Í breytingunni felst að staðsetning skilgreinds frístanda-	svæðis F76 er færð til fyrra horfs líkt og svæðið var skilgreint í aðalskipulagi sveitarfélagsins 2008-2020. 16. Borg í Grímsnesi; Færsla á svæði hreinsivirkis (I14 og I15) og breytt stærð; Óveruleg aðalskipulagsbreyting - 2302036 Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. mars 2023 tillögu að óverulegri breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Í breytingunni felst tilfærsla á skilgreindum iðnaðarsvæðum I14 og I15 þar sem gert er ráð fyrir fráveitumannvirkjum. Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.gogg.is, www.fludir.is og www.skeidgnup.is. Mál 1-4 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 19. apríl 2023 með athugasemdafrest til og með 12. maí 2023. Mál 5-12 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 19. apríl 2023 með athugasemdafrest til og með 1. júní 2023. Mál 13-16 er tilkynning um niðurstöðu sveitarstjórnar vegna óverulegra aðalskipulagsbreytinga. Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is <i>Vígfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi UTU</i>
--	---

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundur á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholti 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleidd frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



VOR Í ÁRBORG

Hand- og listaverkasýning
FEBSEL í Grænumörk á
sumardaginn fyrsta 20.
apríl og laugardaginn
22. apríl kl. 13-16 báða
dagana. Kaffi og vöffur í
boði á vægu verði.

Gleðilegt sumar!

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddý ehf.

Eyurvegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

BORGTHOR EHF

Jarðvinnuverktaki

Flúðum
Sími 899-0816
borgthorh@gmail.com

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti



Bífreidaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bífreida og
almennar bílavíðgerðir.



Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

Þorvaldur Gauti valinn efnilegasti hlauparinn

Framfarir, hollvínasamtök millivegalengda- og langhlaupara, völdu Þorvald Gauta Hafsteinsson efnilegasta hlaupara drengja á árinu 2022 vegna framfara í millivegalengdum og langhlaupum. Hollvínasamtökin veita árlega peningastyrk vegna árangurs á hlaupabrautinni og fer afhendingin fram í tengslum við Víðavangshlaup ÍR sem verður haldið 20. apríl nk. Þorvaldur Gauti Hafsteins-

son er 16 ára gamall og keppir fyrir UMFS. Hann hefur verið að gera það mjög gott á hlaupabrautinni og viðurkenninguna hlaut hann fyrir bætingu í 800 m hlaupi upp á 206 IAAF stig. Á árinu 2021 hljóp hann 800 m á tímanum 2:16,40 mín. en bætti sig á árinu 2022 í 2:04,96 mín. Frjálsíþróttadeild Selfoss er virkilega stolt af Þorvaldi Gauta og óskar honum til hamingju með viðurkenninguna. UMFS



Mynd: UMFS

KIRKJUR

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista, Eyurvegi 67, Selfossi, 22. apríl. Biblíulexiur kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12 sem verður í umsjón AWR eða Adventist World Radio. Verið velkomin.

Ólafsvallakirkja

Fjölskylduguðsþjónusta og ferming á sumardaginn fyrsta 20. apríl kl. 11. Sumri fagnað, söngur og gleði. Organisti er Þorbjörg Jóhannsdóttir. Verið öll hjartanlega velkomin!

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Sunnudaga kl. 11. Samkoma, sunnudagaskóli og kaffiveitingar. Allir innilega velkomnir. www.selfossgospel.is.

Pentecostal Church in Selfoss. Sunday service at 11 am. English translation available. Everyone is welcome

Hveragerðiskirkja

Skátamessa á sumardaginn fyrsta kl. 11. Að messu lokinni verður boðið upp á grillaðar pylsur, candyflos og hoppukastala.

HEILSA

Nudd –
Svæðanudd

Dáleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í
Heilsulindinni Miðgarði,
Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

ÞJÓNUSTA

Smiður óskar
eftir verkefnum

Smiður getur tekið að sér viðhald í heimahúsum og sumarhúsum á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi eða Hveragerði. Dagvinna, kvöldvinna og/eða helgarvinna. Parket, flísar, samsetning á eldhúsinnréttingum, gips, málun o.fl. Nánari uppl. í síma 777 2265.



Góð þátttaka var í hlaupinu og gleðin skein úr andlitum þátttakenda.

Góð þátttaka í fyrsta Grýlupottahlaupi sumarsins

Fyrsta Grýlupottahlaup á Selfossi þetta sumarið fór fram síðastliðinn laugardag, 15. apríl. Þetta er í 53. skiptið sem hlaupið er haldið. Þátttaka í fyrsta hlaupinu var góð en 126 hlauparar tóku þátt. Í fyrri var tekin í notkun ný leið en hlaupið fer nánast allt fram á malbikuðum göngustígum og endasprennurinn á tartaninu á frjálsíþróttavellinum. Vegalengdin er um 880m.

Bestum tímum náðu þau Huguína Birna Hjaltadóttir (2008) sem hljóp á 3:17 og Óskar Dagur Kristjánsson (2010) sem hljóp á 3:24.

Grýlupottahlaupið fer fram 6 laugardaga í röð, næstu hlaup eru 22. apríl, 29. apríl, 6. maí, 13. maí og 20. maí. Keppt er í öllum aldursflokkum karla og kvenna. Að loknum 6 hlaupum eru teknir saman besta árangur úr samanlögðum fjórum hlaupum og veitt verðlaun.

Skráning fer fram í suður-enda Selfosshallarinnar og hefst klukkan 10 en hlaupið er ræst kl. 11. Hlauparar eru ræstir, sex í einu, með 30 sekúndna millibili og aðalatriðið að vera með og hafa gaman. UMFS

Jón Vignir semur til þriggja ára

Míðjumaðurinn knái, Jón Vignir Pétursson, hefur skrifað undir nýjan þriggja ára samning við knattspyrnudeild Selfoss.

Jón Vignir hefur á undanförnum árum stimplað sig inn sem lykilmáður í liði Selfoss, bæði innan valla og sem utan. Hann spilaði 24 af 26 leikjum liðsins á síðasta tímabili og hefur verið í byrjunarliði í báðum leikjunum í Mjólkurbikarnum í ár.

„Við erum gífurlega ánægð með þennan nýja samning við Jón. Það vita allir okkar stuðningsmenn hversu mikilvægur Jón er liðinu og það er frábært að ungir Selfyssingar séu að framlengja við félagið og taka þátt í uppbyggingunni. Jón er frábær fyrirmynd fyrir unga iðkendur félagsins sem vilja ná langt og spila fyrir meist-



araflokk,” segir Dean Martin, þjálfari meistaraflokks karla.

Jón Vignir og meistaraflokkur karla eru nú á fullu í undirbúningi fyrir Lengju-deildina sem hefst 5. maí. Selfoss mætir Leikni R. í 32-liða úrslitum Mjólkurbikarsins miðvikudaginn 19. apríl klukkan 18:00. UMFS



Á myndinni má sjá þá Sigmar og Svein ásamt Hafsteini Pálssyni, 2. varaforseta ÍSÍ og Garðari Svanssoni, úr framkvæmdastjórn ÍSÍ.

Sigmar og Sveinn sæmdir gullmerki ÍSÍ

Árþingi USVS þann 12. apríl sl. voru tveir heiðursmenn sæmdir gullmerki ÍSÍ fyrir þeirra góðu störf í þágu íþróttanna.

Sigmar Helgason hefur verið tengdur íþróttum frá barnsaldri. Hann byrjaði ungur í félagsmálum og tók til starfa í stjórn Ungmennafélagsins Ármanns þegar hann var 16 ára. Hann hefur því í nærri 50 ár unnið fyrir félögin á svæðinu. Sigmar hefur tvisvar verið formaður USVS og síðustu ár hefur hann verið í stjórn USVS. Hjá Ungmennafélaginu Ármanni hefur hann verið í mörgum hlutverkum, s.s. formaður, stjórnarmaður, þjálfari, dómari og sjálfboðaliði. Þá hefur hann verið öflugur sjálfboðaliði hjá Hestamannafélaginu Kópi, komið að mótahaldi og fjáröflun félagsins.

Sigmar hefur alltaf verið mjög áhugasamur um íþróttastarf á sambandssvæði USVS og honum þókkast sín góðu störf í þágu íþróttanna á svæðinu.

Sveinn Þorsteinsson hefur starfað fyrir Ungmennafélagið Kötlu á einn eða annan hátt frá upphafi félagsins, árið 2008. Hann hefur starfað lengi fyrir USVS og m.a. verið formaður sambandsins um árabil. Sveinn hefur alltaf verið áhugasamur um starfsemi þess sambandsins og kom að stofnun Umf. Kötlu þegar tvö ungmennafélög í Mýrdalshreppi stofnuðu nýtt félag árið 2008. Án hans óeiginljarna starfs væri félagið ekki á þeim góða stað sem það er í dag. Sveinn er mjög áhugasamur um íþróttastarfið og hefur t.d. verið formaður kjörnefndar USVS síðustu ár.

ÍSÍ

Frítt í apríl og maí BYRJENDANÁMSKEIÐ fyrir stelpur

JÚDÓ ER: TÆKNI - STYRKUR/PREK - LIÐLEIKI/JAFNVÆGI
ÖFLUG SJÁLFSVÖRN - EYKUR SJÁLFSÖRYGGI - RYTMI/DANS

Æfingar hefjast 17. apríl og eru á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17:00–18:00 í júdósalnum hjá Crossfit Selfossi - Eyravegi 22 - Selfossi

Þjálfari George Bountakis 6. Dan
í júdó s. 772 6084 og til aðstoðar
eru Sara og Íris sími 847 5078

Nánari upplýsingar eru á
Facebook: judofelag Sudurlands og
Instagram: judofelag_sudurlands

JS
JUDOFÉLAG
SUÐURLANDS

Daria Bilodid
17 ára
yngsti heimsmeistari
í sögu Judo



Einfalt og þægilegt!

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefn-
um okkar getur þú t.d.
útbúið **kort**, **dagatöl**
og **myndabækur**.



Eyravegi 25, 800 Selfoss
Sími 482 1944

selfoss@prentmetoddi.is
www.prentmetoddi.is

SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER



Uppselt á Stóðhestaveislu Bola

Yfir 5 milljónir söfnuðust til styrktar fjölskyldu Guðjóns Björnssonar

Hin árlega Stóðhestaveisla Eiðfaxes fór fram sl. laugardag í HorseDay-höllinni á Ingólfrshvoli og þökkum við staðarhöldurum fyrir gott samstarf. Eins og fyrri ár þá var uppselt á viðburðinn. Í ár var aðalstyrktaraðili viðburðarins Boli og þökkum við þeim stuðninginn.

Fjöldinn allur af frábærum hrossum komu þar fram. Við þökkum ræktendum, eigendum og knöpum þessara hrossa fyrir velvildina en án þeirra hefði sýningin aldrei orðið að veruleika.

Viljum við einnig þakka þeim fjölmörgu sem mikið lögðu á sig við undirbúning sýningarinnar og einnig þeim sem lögðu fram mikla og óeigingjarna vinnu á sýningarstað. Áhorfendum sem troðfylltu HorseDay höllina og sköpuðu stemmingu og andrúmsloft gleði, þökkum við fyrir komuna. Ekki má svo gleyma þúsundum áhorfenda víðsvegar í heiminum sem fylgdust með veislunni í beinu streymi frá HorseDay-höllinni.

Söfnunin stendur til 1. maí

Sú hefð hefur skapast að ágóði af Stóðhestaveislunni hefur verið látinn renna til góðgerðarmála og hægt væri hér að birta langan lista yfir góðgerðarsamtök sem notið hafa velvilja þeirra sem sótt hafa Stóðhestaveisluna á undanförunum árum. Stóðhestaveislan á laugardaginn var engin undantekning. Að þessu sinni var hún tileinkuð börnunum og ekkjunni á Syðri-Hörmum í Rangárvallasýslu sem misstu föður sinn og eiginmann, Guðjón Björnsson, í hörmulegu slysi



Söfnunin kynnt fyrir veislugestum. Mynd: Óðinn Örn Jóhannsson

fyrir fáum vikum síðan. Stuðningur hestafélks og fyrirtækja sem tengjast hestaheiminum sem og annarra var að þessu sinni hreint ótrúlegur. Þessi mikli stuðningur við fjölskyldu Guðjóns sýnir enn og aftur hvað við sem þjóð stöndum saman og erum tilbúin til að leggja af mörkum þegar sárir og hörmulegir atburðir verða.

Ljóst er að yfir fimm milljónir söfnuðust á laugardagskvöldið en inn í þeirri upphæð á eftir að telja það sem skilaði sér í gegnum sölu á happdrættis-miðum. Þeir sem enn eiga eftir að tryggja sér miða geta gert það inni á heimasíðu Eiðfaxes, eifaxi.is. Dregið verður úr seldum miðum 1. maí.

Þakklæti efst í huga

Okkur á Eiðfaxes er þakklæti efst í huga eftir laugardagskvöldið. Þakklæti til þeirra sem gáfu vinninga í happdrættið, gáfu folatolla í uppboðin, þeirra sem keyptu folatollana og happdrætt-

ismiðana og ekki síst til þeirra sem lögðu fram frjálsu framlöggin á meðan á veislunni stóð. Einnig ber að minnast á vinnu Guðjóns sem aðstoðuðu við framkvæmd happdrættisins.

Við viljum einnig þakka þulum kvöldsins þeim Ágústi Sigurðssyni og Hjörvari Ágústssyni, Óla Pétri sem var að vana í hurðinni. Björgvini Rúnari Valentínussyni í Prentmet Odda fyrir sitt framlag, KUKL sem lánuðu myndavélarnar og tækni-búnaðinn, Óskari Nikulássyni og kvikmyndatökufólkinu Þurý Báru og Nikulási Dóra, Marínó Geir Lillendahl og útsendingarfólkinu, Karlakór Reykjavíkur fyrir skemmtun í hléinu og góðum vinum og félögum á Hellu við undirbúning viðburðarins. Allir þessir aðilar sem og aðrir sem að Stóðhestaveislunni komu gáfu vinnu sína í þeim tilgangi að standa við bakið á söfnuninni.

Takk fyrir okkur!

Aðstandendur
Stóðhestaveislu Bola



Viktoría Huld Hannesdóttir og hesturinn Þinur frá Enni voru ein af stjórnun sýningarinnar. Mynd: Óðinn Örn Jóhannsson

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþvöðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet
heilðarlausnir í prentun

HREINSITÆKNI
Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun
Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

Bílasprautun - Bílaréttingar -
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

BRACAF VINÁTTUL
Fæst hjá
BYKO Selfossi

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Pípulagnir Júlla
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

VÉLALEIGA
SUÐURLANDS
699-5403
velaleigasud@gmail.com
Við leigjum út vélar
ásamt því tökum við að
okkur alla jarðvinnu.
Við erum á Facebook:
Véla-leiga Suðurlands